

10. september 2026

Ágæta stjórn,

Við gerð langtímakjarasamninga vorið 2024 var lögð rík áhersla á að allir legðu sitt af mörkum til að skapa efnahagslegan stöðugleika. Rauði þráður samninganna var að launafólk, atvinnurekendur og opinberir aðilar væru öll í sama liði í þeirri viðleitni að ná niður verðbólgu og vöxtum og verja kaupmátt heimilanna.

Launafólk tók áhættu með því að samþykkja hóflegar launahækkanir til fjögurra ára og voru áætlaðar launahækkanir lægri en verðbólga þess tíma. Markmiðið var að skapa skilyrði fyrir lægri verðbólgu, lækkun vaxta og vaxandi kaupmætti þegar liði á samningstímann.

Forysta SA lagði mikla áherslu á þetta sameiginlega verkefni við gerð samninganna. Fyrirtæki voru hvött til að sýna aðhald, halda aftur af verðhækkunum og láta hóflegar launahækkanir skila sér í minni verðhækkunum. Skilaboðin voru skýr: langtímasamningar gætu aðeins náð markmiðum sínum ef allir stæðu við sitt.

Sú þróun hefur ekki gengið eftir. Verðbólga hefur haldist þrálát, forsendur kjarasamninganna hafa brostið og fjölmörg fyrirtæki hafa hækkað verð umfram verðbólgu og aukið hagnað sinn á verðbólgutímum. Launafólk hefur því ekki notið þess ávinnings sem samningarnir áttu að skapa. Þvert á móti hafa áframhaldandi verðhækkanir, háir vextir og aukin greiðslubyrði étið upp stóran hluta umsaminna launahækkana og meira til í tilfelli margra hópa .

Verðákvarðanir stórra og verðmótandi fyrirtækja hafa áhrif langt út fyrir rekstur þeirra sjálfra. Þær hafa bein áhrif á útgjöld heimilanna, verðbólguvæntingar, ákvarðanir annarra fyrirtækja og möguleika Seðlabankans til að lækka vexti. Slík fyrirtæki bera því sérstaklega mikla ábyrgð við núverandi aðstæður.

Við endurskoðun gildandi kjarasamninga reynir á þetta og við óskum eftir upplýsingum um hvað **[fyrirtækið]** er tilbúið að gera til að leggja sitt af mörkum til að ná niður verðbólgu og vöxtum. Sérstaklega óskum við eftir afstöðu fyrirtækisins til eftirfarandi:

- Er **[fyrirtækið]** tilbúið að skuldbinda sig til að halda aftur af verðhækkunum út gildistíma kjarasamninga, til dæmis með lækkun á arðsemiskröfu, og hvernig gæti slík skuldbinding litið út?
- Mun **[fyrirtækið]** endurskoða verðhækkanir sem þegar hafa tekið gildi og meta hvort svigrúm sé til að draga þær til baka?
- Hvaða markmið hefur **[fyrirtækið]** sett sér um þróun verðlags á næstu átján mánuðum?
- Hvernig ætlar **[fyrirtækið]** að tryggja að hagræðing, aukin framleiðni, tæknibreytingar eða lækkun aðfangakostnaðar skili sér til neytenda í lægra verði?

Ekki er hægt að ætlast til þess að launafólk eitt beri kostnaðinn af baráttunni við verðbólguna á meðan verðhækkanir fyrirtækja ganga áfram og afkoma eða framlegð er varin eða aukin.

Launafólk hefur þegar lagt mikið undir. Nú reynir á að fyrirtæki sýni með skýrum og sýnilegum aðgerðum að þau ætli sér raunverulega að leggjast á árarnar.

Við óskum eftir skriflegu svari frá ykkur eins fljótt og verða má en tilkynna þarf um mögulega uppsögn kjarasamninga í síðasta lagi 8. október nk.

Virðingarfyllst,

*Halla Gunnarsdóttir*

Halla Gunnarsdóttir, formaður VR

*Eiður Stefánsson*

Eiður Stefánsson, formaður Landssambands íslenzkra verzlunarmanna

*Jakob Tryggvason*

Jakob Tryggvason, formaður Rafiðnaðarsambandsins f.h. Fagfélaganna

